Nr. 793 21. júní 2024

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.**

*Dílaflöt, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 16. maí 2024 tillögu að deiliskipulagi að Dílaflöt, L234644. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum lóðum úr landi Dílaflatar, önnur 10,7 ha og hin 4,29 ha. Innan skipulagssvæðisins er fyrirhugað að hafa allt að 12 gestahús fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi og gufubaði. Heimilt verður að byggja 30-80 m² gestahús með hámarksmænishæð allt að 4,0 m frá gólfkóta. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 21. júní 2024.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Þóra Björg Ragnarsdóttir,** fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. júlí 2024